



458.fundur Þingvallanefndar  
22. maí 2019  
Skrifstofa Þingvallanefndar  
Austurstræti 12. kl 11.30

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Karl Gauti Hjaltason og Páll Magnússon.  
Auk þeirra sat fundinn Einar Á. E. Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.  
Gestir: Lilja Jónasdóttir, lögfræðingur Þjóðgarðsins á Þingvöllum og Árni Geirsson hjá Alta.

Ari Trausti setur fund.

Dagskrá fundar:

1. Atvinnustefna-frumvarp.  
Gestir: Árni Geirsson og Lilja Jónasdóttir.  
Farið yfir frumvarp um atvinnustefnu. Rætt um gildistöku frumvarps og stefnt að því að það taki gildi vorið 2020.
2. Innheimta á bílastæðum.  
Farið yfir tölvupóst frá SAF vegna innheimtu á bílastæðum. Stefnt að fundi þjóðgarðanna með bílaleigunefnd SAF.
3. Framkvæmdir  
Þjóðgarðsvörður skýrir frá fyrirhuguðum framkvæmdum við uppbyggingu salerna í og við þinghelgina. Tillaga að salernum á tveimur stöðum við Kastala fyrir neðan Almannagjá og við nýja bílastæðið vestan við Hakið. Kostnaðaráætlun á eitt salernishús með 10 salernum um 70 m.kr þar af eru fráveitumannvirkin um 20 m.kr.  
Hönnun salerna byggir á svipaðri hönnun á Haki. Þjóðgarðsvörður ítrekar að þær byggingar hafa þolað álag af völdum ferðamanna í 8 ár án mikils viðhalds við erfið veðurskilyrði og gríðar mikið álag ferðamanna.  
Þingvallanefnd tekur undir að vanda til hönnunar og halda áfram með þær teikningar sem fyrir liggja.

Önnur mál

Silfra:

Stefnt að því að burðarþols skýrsla verði kynnt. Boðaðir verði hagsmunaðilar.

Friðlýsing á Þingvallavegi um Mosfellsheiði:

Ari Trausti segir frá fundi sem hann átti með Minjastofnun vegna friðlýsingar á kerru- og akveg um Mosfellsheiði. Minjastofnun óskar eftir afstöðu Þingvallanefndar. Almenn ánægja með nefndarmanna. Ari Trausti mun rita bréf sem sent verður til Minjastofnunar.

Fundi slitið.